

Ágæti félagsmaður

Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga 2021 var samþykkt nýtingaráætlun fyrir árin 2022 – 2026. Þar kemur m.a. fram:

*Þéttleikavísitala ræður því hvort auka skuli eða draga úr veiðifriðun og byggir á eftirfarandi viðmiðum:*

- *Þéttleikavísitala 1<sup>+</sup> laxaseiða 10,4 seiði/100 m<sup>2</sup> eða meiri í tvö ár eða fleiri í röð, ekki þörf á frekari veiðitakmörkunum (grænt).*
- *Þéttleikavísitala 1<sup>+</sup> laxaseiða undir aðgerðarmörkum, 10,4 – 5,8 seiði/100 m<sup>2</sup> í þrjú ár eða fleiri í röð, aðgerða er þörf með frekari veiðitakmörkunum. (gult).*
- *Þéttleikavísitala 1<sup>+</sup> laxaseiða undir varúðarmörkum, 5,8 seiði/100 m<sup>2</sup> þrjú ár í röð. Ástand stofns meidd alvarlegt og enn frekari aðgerða er þörf. Útfærsla í samvinnu við veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu (rauð).*

*Verði tilefni til aðgerða byggt á framangreindum viðmiðum hefur stjórn Veiðifélags Árnesinga heimild til að bregðast við og ákveða að stytta eða lengja veiðitíma stanga og neta um eina viku frá því sem kveðið er á um í þessari nýtingaráætlun og einnig ákveða að að skylt sé að sleppa öllum laxi eftir stangveiði tveimur vikum lengur en kveðið er á um. Ákvörðun um lengri tímabil krefst hins vegar samþykkis aðalfundar.*

Nýtingaráætlunin kveður á um verulegar takmarkanir á veiðiheimildum til félagsmanna. Næsta haust 2023 kemur í ljós hvort þessar takmarkanir auk skilyrða í náttúrunni komi til með að hafa þau jákvæðu áhrif á þéttleikavísitölu seiða að ekki þurfi að koma til frekari friðunar. Þegar niðurstöður seiðarannsóknanna liggja fyrir næsta haust mun stjórn félagsins upplýsa félagsmenn um hvort hún ætli sér að nýta framangreinda heimild um frekari friðun. Meðfylgjandi eru niðurstöður seiðarannsóknanna 2022.

Nýja innheimtukerfið virðist ætla að gefast vel og minnir stjórnin félagsmenn á að senda Ólafi Þórarinssyni stjórnarmanni og gjaldkera félagsins upplýsingar um hvert eigi að senda reikninginn (nafn, netfang og heimilisfang).<sup>1</sup>

Unnið er að því að safna netföngum félagsmanna. Viðtakandi þessa bréfs er vinsamlega beðinn um að senda Ólafi netfang sitt.

Kaldaðarnesi, 08.12.2022,

f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,



Jörundur Gauksson, formaður

<sup>1</sup> Félagsmenn í Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild þurfa ekki að senda framangreindar reikningsupplýsingar þar sem deildirnar sjá um greiðslur til félagsins.

ÁRBORG	
Bnrnr: 15.51	Mótt: 12/12'22
Ábm: F.st.k.	Mnr: 2212162

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

ÁRBORG

101

101

101

101




# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Minnisblað til Veiðifélags Árnesinga

### Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2022

Á árinu 2021 var unnin samantektarskýrsla um stöðu laxastofna á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Í skýrslunni var m.a. gerð greining á sambandi stærðar hrygningarstofns og nýliðunar fyrir lax á vatnasvæðinu í heild sinni (Magnús Jóhannsson og Hlynur Bárðarson 2021). Greining á viðmiðunarmörkum fyrir stærð hrygningarstofnsins sýndi gott samhengi milli útreikninga samkvæmt hrogni-í-hrogn þ.e. fjölda hroгна í hrygningarstofni og þann fjölda hroгна sem hann gaf af sér í næstu kynslóð og einnig fjölda hroгна í hrygningarstofni og þann seiðapéttleika sem hann gaf af sér. Viðmiðunarmörk miðast við þann fjölda hroгна sem gefa af sér hámarks nýliðun og að ekki sé veitt úr hrygningarstofninum umfram þann fjölda. Ekki liggur fyrir mat á heildarfjölda laxa sem gengur á vatnasvæðið ár hvert. Því var lagt til að við veiðistjórnnum verði notað viðmið út frá seiðapéttleika enda gott samhengi milli þéttleika seiða og hrognafjölda sem hrygnt er í ána hverju sinni. Niðurstöður greininga á hrygningu og nýliðun voru að aðgerðarmörk mæld með þéttleikavísitölu 1+ laxaseiða á vatnasvæðinu í heild væru við 10,4 seiði/100 m<sup>2</sup>.



Mynd 1. Vísitala þéttleika laxaseiða sem veidd seiði á hverja 100 m<sup>2</sup> í einni yfirferð í rafveiði á vatnasvæði Ölfusár -Hvítár. Lárétt brotalína sýnir þéttleikaviðmið aðgerðarmarka í greiningu á hrygningar-nýliðunarsambandi fyrir vatnasvæðið í heild sem er 10,4 seiði/100 m<sup>2</sup>.

Mikilvægt er að árétta að þessi þéttleikaviðmið gera ráð fyrir að seiðamælingar haldist óbreyttar í þeirri mynd sem var lýst í aðferðafræðikafla skýrslunnar og að um meðaltal er að ræða og að

# Veiðitími á vatnasvæði Veiðifélags Árnesinga 2023

## Samkvæmt nýtingaráætlun

- Silung frá og með 1. apríl til og 24. september.
- Lax í net frá og með 1. júlí til og með 24. september.
- Lax á stöng frá og með 21. júní til og með 24. september.

Skylt er að sleppa öllum laxi eftir veiði frá 21. júní til og með 30. júní og þá daga sem deildir ákveða að lengja veiðitímann eftir 24. september. Sleppa skal allri sjógenginni bleikju í vorveiði og mælst er til þess að það sé gert eftir því sem því verður við komið yfir veiðitímann.

Mælst er til að öllum stórlaxi (70 cm eða stærri) sé sleppt eftir veiði.

Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann.

Deildir geta ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30. september. Sami veiðidagafjöldinn á við um deildir og aðra félagsmenn sem veiða lax á stöng. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur.

Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi.

Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21.

Þá daga sem félagsmönnum er skylt að sleppa laxi eftir stangveiði skal nota agn án agnhalds. Félagsmönnum og deildum er á öðrum tímum í sjálfsvald sett hvaða agn er heimilað og hvort sett sé skilyrði í leigusamningum við útleigu eða sölu veiðileyfa.

## Viðbót vegna veiðiársins 2023

Til að byggja upp hrygningarstofninn og til að forðast að veiðitími verði stytur til frambúðar telur stjórn veiðifélagsins mikilvægt að öllum stórlaxi verði sleppt í stangveiði og menn gæti hófs í veiðum.

**Ekki skal sleppa hnúðlaxi.**

ástand getur verið breytilegt innan vatnasvæðisins. Eðlilegt er að fiskstofnar sveiflist upp og niður í kringum aðgerðarmörk, t. d. vegna breytilegra umhverfisskilyrða. Lagt var til að viðbrögð til veiðistjórnunar miðuðust við meðalástand og gripið verði til aðgerða þegar seiðastofninn væri undir aðgerðarmörkum í þrjú eða fleiri ár samfelld (á gulu svæði í þrjú ár). Veiðifélags Árnesinga setti þessi viðmið í nýtingaráætlun fyrir vatnasvæðið. Ætlaðar aðgerðir miða að því að stækka hrygningarstofninn, auka nýliðun í þéttleika laxaseiða og framleiðslu á nýjan leik. Með þeirri uppbyggingu aukist stofnstærð laxa og veiðipól. Ef ekki er aðhafst er aukin hættu á að stofninn haldi áfram að minnka, gefi minni veiði og að veiðinýtingin teljist ofveiði.

Haustið 2021 gerði Hafrannsóknastofnun grein fyrir niðurstöðu þéttleikamats fyrir laxaseiði á viðmiðastöðvum á vatnasvæðinu árið 2021 og gaf ráð um veiðistjórnun (Hafrannsóknastofnun 2021).

Á nýliðnu hausti gerði Hafrannsóknastofnum mælingar á seiðapéttleika í ánum víðsvegar á vatnasvæðinu á sömu stöðum og með sama hætti og gert hefur verið frá árinu 1985. Veitt var á 24 stöðvum á samtals 2.328 m<sup>2</sup>. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum (óbirtar) var þéttleikavísitala 0<sup>+</sup> seiða 10,3 seiði/100 m<sup>2</sup> og hafði aukist frá fyrra ári, þéttleikavísitala 1<sup>+</sup> laxaseiða mældist 8,2, hafði heldur minnkað á milli ára (mynd 1). Athygli vekur að vísitala 2<sup>+</sup> laxaseiða óx úr 1,2 í 3,6 sem er jákvæð þróun og í takt við mælingu á 1<sup>+</sup> seiðum árið á undan.

Miðað við núverandi ástand hefur vísitala seiðapéttleika 1<sup>+</sup> verið undir aðgerðarmörkum sl. fjögur ár, 7,3<sup>1</sup> árið 2019, 6,5<sup>1</sup> árið 2020, 8,9<sup>1</sup> árið 2021 og nú 8,2<sup>2</sup>. Það er mat Hafrannsóknastofnunnar að ástand laxastofna vatnasvæðisins sé þannig að skynsamlegt er að takmarka sókn meðan þetta ástand varir. Eins og bent er á í áður nefndri skýrslu geta ýmsar veiðitakmarkanir komið til álita, s.s. friðun, minni sókn, styttri veiðitími og í stangveiði að skilyrða veiða-og-sleppa sem reynslan sýnir að er góð aðferð til að draga úr sókn til að leggja til fleiri hrogn til hrygningar. Fyrir uppbyggingu er áhrifaríkast að beita aðgerðum sem hlífa stórlaxi því stórlaxahrygnur gefa mun fleiri hrogn en smálaxahrygnur auk þess sem hlutfall hrygna er hærra hjá stórlaxi. Að öðru leyti vísast til greiningar og ráðleggingar í ofangreindri skýrslu.

1) Leiðrétt.

2) Bráðabirgðatala.

## Heimildir

Magnús Jóhannsson og Hlynur Bárðarson 2021. Fiskstofnar á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Ástand stofna og veiðinýting. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2021-17: 79 bls.

Hafrannsóknastofnun 2021. Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2021. Minnisblað: 3 bls.

Gert í nóvember 2022

Magnús Jóhannsson